# FUNDARGERÐ
# BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**595. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 20. apríl 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

**Dagskrá:**

1. Bréf Bændasamtaka Íslands.
2. Bréf Selaseturs Íslands ehf.
3. Aðalfundarboð Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram bréf Bændasamtaka Íslands dags. 15.04.2009 um kynningu á skýrslu milliþinganefndar búnaðarþings um fjallskil. Erindinu vísað til Landbúnaðarráðs.
2. Lagt fram bréf Selaseturs Íslands ehf. dags. 14.04.2009. Í bréfinu er boðað til aðalfundar Selasetursins á Gauksmýri þann 29. apríl n.k. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.
3. Lagt fram bréf Farskólans-miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra dags. 14.04.2009 þar sem boðað er til aðalfundar 30. apríl n.k. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Sveinn Benónýsson mætir á fundinn vegna opnunar tilboða í umhirðu íþróttavalla í Kirkjuhvammi. Tvö tilboð bárust. Annars vegar frá Jóni Inga Björgvinssyni að upphæð kr. 550.000 fyrir árið 2009 með 7% hækkun vegna ársins 2010 og hins vegar frá Birni Inga Þorgrímssyni að upphæð kr. 590.000 vegna ársins 2009, sem hækkar miðað við vísitölu vegna 2010. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
5. Samþykkt að flytja næsta reglulega fund sveitarstjórnar til 6. maí n.k. kl: 10:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:45

Áheyrnarfulltrúi.